

Frumvarp til laga

um

breyting á tolllögum fyrir Island nr. 54, II. júlí 1911, I. gr. 15.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

-
15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:
15. Af öllum brjóstsýkurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsýkur og konfekt, þar með taldir sykurgervingar af ávöxtum (kandiseraðir ávextir). . . 80 aura af hverju kílógr.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur lagabreytingar þessarar er aðallega sá, að setja skýrari ákvæði um það, hverjar vörur sjeu tollskyldar samkv. 15. lið í 1. gr. tolllaganna.

Í raun og veru má skilja liðinn í tollögunum svo, að samkvæmt honum sje alt það tollskyldt, er hjer er talið í breytingartillögunni, því að til brjóstsýkurs og konfekts virðist mega telja bæði sykurgervinga af ávöxtum og sætindatilbúning, sem notaður er á sama hátt og brjóstsýkur og konfekt. En nokkrir sýslumenn hafa talið það vafasamt og sent fyrirspurnir til stjórnaráðsins um ýmsar tegundir af sætindatilbúningi, hvort þær væru tollskyldar samkvæmt tollögunum. Og nokkrir aðrir sýslumenn munu alls eigi hafa innheimt toll af sykurgervingum (kandiseruðum ávöxtum), þaræð þeir hafa talið það vafasamt, að þeir teldist til konfekt. Ennfremur hefir það þótt vafa undirorpið, hvort svonefndar »karamellur« væru tollskyldar og eru þó flestar tegundir af þeim brjóstsýkur og ekkert annað og allar »karamellu«tegundir eru sætindatilbúningur, sem eigi er ástæða til að sje tollfrjáls fremur en hver annar brjóstsýkur.

Til þess því að taka af allan vafa á tollskyldu vörutegunda þessara, er nefndar hafa verið, og til þess að tilgangi tolllaganna verði náð, að allur sá sætindatilbúningur sje tollskyldur, er notaður er á sama hátt og brjóstsýkur og konfekt, þá hefir stjórnin álitid hyggilegast að gerð yrði orðabreyting á þessum lið tolllaganna.
